



Innkaupa- og framkvæmdaráð.

Niðurstöður útboðs nr. 15043 – “Rammisamningur um kjöt og kjötvörur”.

Fimmtudaginn 19. janúar voru opnuð tilboð vegna útboðs Reykjavíkurborgar um kaup á kjöti og kjötvörum á EES. Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði.

- 1 Sláturfélag Suðurlands svf.
- 2 Síld og fiskur ehf.
- 3 Esja Gæðafæði
- 4 Kjöthúsið ehf.
- 5 Matvex ehf.
- 6 Sælkeradreifing ehf.
- 7 Stjörnugrís hf.
- 8 Kjarnafæði hf.
- 9 Norðlenska matborðið ehf.

Í skilmálum útboðsgagna kemur fram að samið verði við þá aðila sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í útboðsgögnum. Æskilegt var að bjóða sem flestar vörur í Tilboðsskrá en ekki var nauðsynlegt að bjóða allar vörur til að eiga gilt tilboð. Kaupendum Reykjavíkurborgar ber að beina viðskiptum sínum til þess rammisamningsaðila sem býður lægsta verð hverju sinni.

Innkaupaskrifstofa hefur farið yfir tilboðin og allir sem skiluðu inn tilboði uppfylltu lágmarkskröfur útboðsgagna, þ.m.t. fjárhagskröfur.

Innkaupaskrifstofa leggur því til að samið verði við alla aðila sem skiluðu tilboði þ.e. Sláturfélag Suðurlands svf, Síld og fisk ehf, Esju Gæðafæði, Kjöthúsið ehf, Matvex ehf, Sælkeradreifingu ehf, Stjörnugrís hf, Kjarnafæði hf og Norðlenska matarborðið ehf.

Gildistími samnings er fjögur ár frá því að samningur kemst á. Hægt er að segja samningi upp með þriggja mánaða fyrirvara, í fyrsta lagi níu mánuðum eftir gildistöku samnings.

Virðingarfyllst,
Óskar Long Einarsson
Sérfræðingur
Innkaupaskrifstofa